

Nd.

207. Nefndarálit

[95. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haldið 4 fundi um frumvarpið og fengið á því ýmsar skýringar hjá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, Sverri Þorbjörnssyni, og Hjálmari Vilhjálmssyni ráðuneytisstjóra.

Meir hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins lítt breytts, en minni hlutinn mun skila séráliti og breytingartillögum. Um brtt. á þskj. 169 er nefndin þó öll sammála.

Umrætt frv. um breytingar á lögum um almannatryggingar felur í sér meiri hækkun bóta til þeirra, sem trygginganna njóta, en áður hefur átt sér stað í einum áfanga. Kemur einkum tvennt til. Í fyrsta lagi höfðu bótagreiðslur trygginganna á síðustu árum ekki hækkað í samræmi við vaxandi dýrtið, og í öðru lagi ber að líta á hækkun þeirra nú sem veigamikinn þátt þeirra efnahagsráðstafana, er gerðar hafa verði af hæstvirtri ríkisstjórn og stuðningsflokkum hennar.

Um fyrra atriðið er það að segja, að hinn 16. júlí 1958 skipaði þáverandi ráðherra tryggingarmála nefnd, samkv. þingsályktun samþykktri 16. apríl 1958, til þess að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur með það fyrir augum að bæta hlut lífeyrisþeganna. Nefndin samdi frumvarp, sem gerði ráð fyrir, að elli-, örorku- og barnalífeyrir hækkaði um sem næst 20% frá því, sem verið hafði, og enn fremur áttu aðrar bætur að hækka verulega.

Útgjaldaaukning trygginganna samkv. till. þessarar nefndar nemur 33.8 millj. kr. og skiptist samkv. 24. gr. l. nr. 24/1956 þannig:

Ríkissjóður	33%	kr. 11154000.00
Hinir tryggðu	33%	— 11154000.00
Sveitarsjóðir	19%	— 6422000.00
Atvinnurekendur	15%	— 5070000.00
	100%		Kr. 33800000.00

Er hér, eins og áður segir, um 20% hækkun að ræða miðað við árið, en vegna betri afkomu trygginganna árin 1958 og 1959 en áætlað var mun þessi hækkun ekki koma öll fram í iðgjöldum til trygginganna á þessu ári.

Þegar fjárlagafrumvarp það, sem lagt var fyrir Alþingi s. l. haust, var samið, var gengið út frá því, að umræddar tillögur næðu fram að ganga, til þess að hinir tryggðu fengju að nokkru upp bætt það tap, sem sívaxandi dýrtið hefur valdið þeim á liðnum árum. En núverandi ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar komu sér saman um að láta ekki sitja við þessa sjálfsgöngu leiðréttingu eina saman. Samhliða aðgerðunum í efnahagsmálunum var ákveðið að gera meira til þess að rétta hlut hinna tryggðu vegna liðins tíma og jafnframt til þess að draga úr áhrifum gengisfellingarinnar á lífskjör aldraðs fólks og barnmargra fjölskyldna.

Er hér átt við 20% viðbótarhækkun á bótagreiðslum lífeyristrygginganna og margföldun fjölskyldubóta, eins og síðar mun að vikið. Hafa aldrei áður, þegar þurft hefur að gripa til ráðstafana í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem rýrt hafa lífskjör almennings í bili, verið gerðar jafnframt neitt sambærilegar ráðstafanir til þess að tryggja hag bótaþega almannatrygginganna og þeirra þegna þjóðfélagsins, sem minnst mega sín. Má þannig minna á t. d., að aðeins var gert ráð fyrir 5% hækkun á greiðslum almannatrygginganna til bótaþega í lögum nr. 33/1958, um útflutningssjóð, en með þeim lögum og því, sem á undan var komið, var þáverandi ríkisstjórn búin að fella gengi krónunnar um 30%. Kom þá einnig fljótt í ljós,

að 5% hækkun bóta var allsendis ónóg, og þurfti að hækka á ný um 9½% innan fárra mánaða, þótt ekki væri dýrtiðarskerðingin þar með að fullu bætt.

Nú nemur gengisfellingin 20% í útflutningi og 34% í innflutningi, og er talið, að sú breyting mundi hækka vísitölu framfærslukostnaðar um 13%, ef ekkert væri gert jafnhliða til að draga úr áhrifum hennar, en hækkun fjölskyldubótanna einna dregur úr vísitöluhækkuninni 8.5%. Verða þær greiddar þegar með fyrsta barni, í stað þess að þær hafa áður verið greiddar frá og með þriðja barni. Með hverju barni verða greiddar kr. 2600.00, hvar á landinu sem er. Hækka þannig t. d. greiðslur til þriggja barna fjölskyldu á 1. verðlagssvæði í 7800 kr. úr 1166 kr., og á öðru verðlagssvæði hækka greiðslur til jafnstórra fjölskyldna úr 874 kr. í 7800 kr. Fjölskylda með fimm börn á samkv. frv. að fá 13000 kr. í stað 5828 kr. á 1. verðlagssvæði og í stað 4370 kr. á öðru verðlagssvæði.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir 20% hækkun á ellilífeyri, örorkulífeyri og öðrum svipuðum bótum almannatrygginganna, ofan á þá 20% hækkun, sem fyrrv. ríkisstjórn hafði á s. l. ári lagt til og innifalin er í frumvarpi því, sem nú liggur fyrir. Verður heildarhækkun þessara bóta þannig um 45% og í sumum tilfellum meiri. Nú er t. d. elli- og örorkulífeyrir til hjóna á 1. verðlagssvæði kr. 15927.26, en verður kr. 25920.00, eða hækkar um 62.8%. Einstaklingslífeyrir á 1. verðlagssvæði hækkar úr kr. 9954.54 á ári í kr. 14400.00, og er það 45% hækkun. Þetta þýðir, að hjónalífeyrir verður 180% af lífeyri einstaklings í stað 160% áður. Barnalífeyrir hækkar um 41%, eða úr kr. 5104.89 í kr. 7200.00 — miðað við 1. verðlagssvæði. Fæðingarstyrkur hækkar eins á báðum verðlagssvæðum, þ. e. úr kr. 1748.25 í kr. 2160.00 (24% hækkun), og svipuð hækkun verður á þriggja mánaða og níu mánaða bótum til ekkju. Ekkjúlífeyrir hækkar í sama hlutfalli og elli- og örorkulífeyrir.

Mæðralaun hækka jafnt og ellilífeyrir, en auk þess fær móðir með þrjú börn nú full mæðralaun í stað ⅔ áður, og móðir með tvö börn fær nú hálf mæðralaun í stað ⅓ áður. Enn fremur felst í frumvarpinu, 10. gr., rýmkuð heimild fyrir Tryggingastofnunina til að veita hækkun lífeyris á móti framlögum sveitarfélaga. Að óbreyttum lögum hefði mátt nota í þessu skyni 7% af 105 millj. kr., eða 7350 þús. kr. Samkv. frv. hækkar þetta í 10% af 162.6 millj. kr., eða í 16260 þús. kr.

Hækkun fjölskyldubótanna og 20% viðbótarhækkunina greiðir ríkissjóður samkv. frv. að fullu, og nema hækkun framlög ríkissjóðs til almannatrygginganna af þessari ástæðu 153 millj. kr.

Önnur útgjöld lífeyrstrygginganna skiptast síðan þannig, sbr. 11. gr. frv.: Ríkissjóður 36%. Hinir tryggðu 32%. Sveitarsjóðir 18%. Atvinnurekendur 14%.

Með þessum ráðstöfunum er talið að þriggja barna fjölskylda með 60 þús. kr. árstekjur fái að fullu bættá þá kjaraskerðingu, sem gengisbreytingin annars mundi hafa í för með sér. Er þetta miðað við 1. verðlagssvæði, og á öðru verðlagssvæði kemur hækkun fjölskyldubótanna þeim mun betur út, sem bæturnar hafa verið þar lægri.

Er í þessu sambandi vert að benda á, að hvað fjölskyldubætur snertir verður nú samkv. frumvarpinu allt landið eitt verðlagssvæði, og ber vissulega að stefna að því, að svo verði einnig á öðrum sviðum trygginganna, þó að ekki hafi að þessu sinni þótt tiltækilegt að stíga það spor til fulls.

Vegna þeirra, sem ekki finnst nóg að gert í þessu efni í frv., má einnig benda á, að samkv. 20. gr. laga nr. 24/1956, um almannatryggingar, er heimilt að færa sveitarfélag milli verðlagssvæða, en það kostar það, að sveitarfélag, sem vill flytjast af 2. verðlagssvæði yfir á 1. verðlagssvæði, verður að taka á sig að greiða að sínum hluta hækkað framlag til trygginganna.

Sú breyting að afnema skiptingu landsins í verðlagssvæði er talin auka útgjöld þau, sem tryggingarnar greiða, um ca. 11%, eða tæpar 25 millj. kr.

Skipting landsins í verðlagssvæði getur ekki lengur talizt réttmæt, eins og gerð var ýtarleg grein fyrir í framsögu með frumvarpinu, og mun verða að því stefnt að afnema hana.

Annað atriði í almannatryggingalögunum, sem einnig er úrelt, er skerðingar-
ákvæðin, en þau falla niður í lok þessa árs samkvæmt gildandi lögum.

Þetta hvort tveggja mun hafa í för með sér 50—60 millj. kr. útgjaldaaukningu
fyrir tryggingarnar, og þarf að ákveða fyrir haustið, hvernig þeirri útgjaldaauk-
ningu skuli mætt. Krefst það mál verulegs undirbúnings, sem ekki er að vænta að
verði lokið, meðan þetta þing situr.

Um skerðingarákvæðin er það annars að segja, að vegna hækkana þeirra á
lífeyrisgreiðslum, sem frv. gerir ráð fyrir, mun skerðingarmarkið hækka verulega
frá því, sem verið hefur, eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

**Skerðing elli- og örorkulífeyris á I. verðlagssvæði nú og eftir að almannatrygginga-
lagafrumvarpið hefur verið samþykkt.**

	Einstaklingar		Hjón, ef annað á rétt		Hjón, ef bæði eiga rétt	
	nú	verður	nú	verður	nú	verður
1. Lífeyrisupphæð	9954.54	14400.00	9954.54	14400.00	15927.26	25920.00
2. Aðrar hreinar tekjur sem ekki skerða	14931.81	21600.00	29863.62	43200.00	19909.09	28800.00
3. Árstekjur lífeyrisþega, sem ekki skerðast	24886.35	36000.00	39818.16	57600.00	35836.35	54720.00
— — — — Á þessu tekjubili á skerðing sér stað — — — —						
4. Aðrar tekjur, sem úti- loka rétt til annars en sjúkrasamlagsiðgjalds og barnalífeyris ef börn eru á framfæri	31525.71	45600.00	46454.52	67200.00	46454.52	72000.00
5. Tekjur, sem fullur barnalífeyrir er greiddur með	40073.40	57600.00	47781.78	77760.00	47781.78	77760.00

Varðandi greiðslur almannatrygginganna á lífeyri viljum við að lokum taka
fram, að eftir breytingar þær, sem í frv. felast, verður samanburður á bótageiðslum
hér og á hinum Norðurlöndunum, miðaður við árslaun verkamanna þar og dag-
vinnutaxta Dagsbrúnar hér, þannig:

Einstaklingar (elli- og örorkulífeyrir):

Ísland	28.5%	af launum verkamanns (í stað 17% áður)
Danmörk	30.2%	— — —
Svíþjóð	35 %	— — —
Hjón:		
Ísland	51.3%	— — — (í stað 27.3% áður)
Danmörk	45.4%	— — —
Svíþjóð	46.7%	— — —

Varðandi breytingar þær á slysabótum, sem í frumvarpinu felast, er þess að
geta, að um þær er að mestu farið eftir tillögum nefndar, sem félagsmálaráðherra
skipaði í febrúar s. l. ár, sbr. fskj. II með frumvarpinu.

Eiga dagpeningar að hækka úr kr. 47.80 í kr. 68.00 fyrir kvænta karla og giftar
konur og úr kr. 41.35 á dag í kr. 60.00 fyrir einstaklinga, en fyrir hvert barn á
framfæri, allt að þremur, hækka dagpeningar úr kr. 6.45 í kr. 8.00. Er þetta um
42% hækkun dagpeninga fyrir hjón, 45% fyrir einstakling og 24% fyrir hvert barn
á framfæri.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins á fskj. II með þessu frumvarpi,

hefur það hent að undanfögnu, að hækkun dagpeninga slysatrygginganna hefur ekki fylgt hækkun dagvinnukaups verkamanna, en með framanskráðum hækkunum er fyllilega fullnægt samþykkt I. L. O. nr. 102/1953, sem Ísland er aðili að, þar sem ákeðið er, að lágmark dagpeninga skuli vera 50% af launum.

Þá gerir 18. gr. frumvarpsins ráð fyrir því, að ráðherra verði heimilt að breyta dagpeningum og bótum, sem greiðast í eitt skipti skv. 38. gr. laganna, að fengnum till. tryggingaráðs, til samræmis við breytingar dagvinnukaups verkamanna.

Dánarbætur til ekkju voru kr. 19143.34 fyrir alla nema lögskráða sjómenn. Vegna þeirra voru dánarbæturnar kr. 87130.84. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að dánarbætur verði eins fyrir alla, þ. e. 90 þús. kr.

Loks er þess að geta, að aukið framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginga samkv. 21. gr. frv. hefur það í för með sér, að fyrir hverjar 100 kr. í hækkunum iðgjöldum sjúkrasamlaga fá þau nú 260 kr. í tekjur í stað 179 kr. áður, og er þá miðað við, að framlag lífeyrstrygginga hafi numið 12% af iðgjöldum.

Öll þessi atriði í frumvarpinu, sem nú hefur verið drepið á, teljum við vera til mikilla bóta fyrir hina tryggðu, og ýmislegt er í því fleira, sem ekki hefur verið að vikið.

Við mælum með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem fram eru bornar af nefndinni allri á þskj. 169.

Alþingi, 16. marz 1960.

Sigurður Bjarnason,
form.

Birgir Finnsson,
fundaskr., frsm.

Guðl. Gíslason.